

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins tilnefnir á hverju ári fimm manna úthlutunarnefnd til að útnefna styrkþega skv. 2. grein. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverri eftirtalinna listgreina: myndlist, tónlist, bókmenntum og leiklist auk eins fulltrúa úr stjórn sjóðsins.

## 7. gr.

Úthlutunarnefnd skal auglýsa styrki úr sjóðnum fyrir 1. maí ár hvert og skulu umsóknir berast fyrir 1. júlí. Styrkþegar skulu aldrei vera fleiri en tveir á ári. Nefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. ágúst ár hvert.

## 8. gr.

Styrkþegi skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Hann skal vera íslenskur ríkisborgari.
- b) Hann skal hafa lokið námi í listgrein sinni eða hafa starfað að henni í a.m.k. fimm ár.
- c) Hann skal leggja fram fullnægjandi greinargerð um hvernig hann hyggst verja styrknum.

## 9. gr.

Samhljóða samþykki sjóðsstjórnar þarf til að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja sjóðinn niður.

## 10. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisins og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til menningarstarfsemi í þágu kvenna.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóðs lyflækningadeildar Landspítalans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóð lyflækningadeildar  
Landspítalans.**

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóður lyflækningadeildar Landspítalans. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir: Snorri P. Snorrason, nnr. 8218-2381, Þórður Harðarson, nnr. 9514-5108 og Jóhann Ragnarsson, nnr. 4988-5865.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla læknisfræðilegar rannsóknir innan lyflækningadeildar Landspítalans og í lyflækningum almennt, með tækjakaupum og rannsóknastyrkjum, m. a. til endurmenntunar og símenntunar starfsfólks.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Prófessorinn í lyflækisfræði við læknadeild Háskóla Íslands og er hann jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Forstjóri ríkisspítalanna. Einn yfirlækna lyfjadeildar Landspítalans, kjörinn af yfirlæknum deildarinnar. Samkvæmt ákvörðun stofnenda skal Snorri Páll Snorrason, yfirlæknir, sitja í fyrstu stjórn sjóðsins.

## 5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00 og má ekki skerða það.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og frjáls framlög, hverju nafni sem nefnast.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ávöxtun hans og á hvern hátt fé sjóðsins skuli varið, þó innan ramma 3. gr.

## 8. gr.

Sjóðsstjórn skal halda fundagerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina, er varðar rekstur sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum, sbr. þó ákvæði 10. gr. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

## 9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytis. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana.

Aldrei má breyta ákvæðum 3. gr. um tilgang sjóðsins né heldur ákvæðum 11. gr. um ráðstöfun á eignum við sjóðsslit.

## 11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til tækjakaupa á Landspítala, skv. ákvörðun stjórnarnefndar ríkisspítalanna.

## 12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.